



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb
umferðarslysa

Reykjavík 27. nóvember 2023

Tilv.: IRN23090043/3.14.0

Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa var haldinn með hefðbundnu sniði í ár með minningarathöfn við þyrlupallinn í Fossvogi. Auk viðburðarins í Fossvoginum hélt Slysavarnafélagið Landsbjörg minningarathafnir víða um land. Í ár var athyglinni einkum beint að fyrstu viðbrögðum á slysstað og neyðaraðstoð. Mikilvægt er að hugsa til þeirra sem koma að slysi og veita lífsbjargandi fyrstu hjálp á slysstað.

Ég er þakklátur fyrir að árlegur minningardagur gefur okkur tækifæri til að koma saman og minnst þeirra sem hafa látið lífið í umferðinni og jafnframt heiðra þá sem koma að fyrstu hjálp og björgun þegar slys verða.

Dagurinn eflir vitund okkar um afleiðingar slysa og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Fyrir hönd ráðuneytisins vil ég þakka ykkur öllum fyrir óeigingjarnt starf við skipuleggja og standa að mikilvægum og fallegum viðburðum um land allt á minningardeginum.

Minningardagurinn á næsta ári verður samkvæmt venju þriðja sunnudag í nóvember, eða 17. nóvember 2024. Við í ráðuneytinu hlökkum til að eiga áfram einstaklega gott samstarf um skipulag þessa mikilvæga dags hér eftir sem hingað til.

Með kærri kveðju

Sigurður Ingi Jóhannsson